



Stefna um persónuvernd og upplýsingaöryggi

Stefna Orkusölnunnar um persónuvernd og upplýsingaöryggi er að upplýsingar skuli vera réttar, tiltækar og trúnaðar sé gætt. Öll meðferð Orkusölnunnar á persónuupplýsingum lýtur lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga ásamt reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Stefnan styður við samfelldan rekstur og þjónustu með það að markmiði að lágmarka áhættur og hámarka öryggi eigna og upplýsingakerfa gegn innri og ytri ógnum. Orkusalan leggur áherslu á að gögn, upplýsingar, upplýsingakerfi séu örugg, áreiðanleg, tiltæk og einungis aðgengileg þeim sem við á.

Nánari lýsingar á útfærslu stefnunnar eru í skjölunum *Stjórnkerfi upplýsingaöryggis*, *Leiðbeiningar og reglur um upplýsingakerfi* og *Vinnsla persónuupplýsinga hjá Orkusölnunni*.

Markmið og áætlun

Markmið Orkusölnunnar er að hámarka öryggi upplýsinga félagsins, starfsfólks og viðskiptavina með tilliti til leyndar, réttleika og tiltækileika. Til ná því markmiði mun Orkusalan:

- Viðhalda virku stjórnkerfi upplýsingaöryggis.
- Skuldbinda sig til að vinna að stöðugum umbótum á stjórnunarkerfi upplýsingaöryggismála.
- Stuðla að virkri öryggisvitund starfsmanna, þjónustuaðila, viðskiptavina og gesta með fræðslu og leiðbeiningum.
- Framkvæma reglulegt áhættumat og greina tækifæri til stöðugra úrbóta.
- Tilkynna og rannsaka frávik, brot eða grun um veikleika í upplýsingaöryggi.

Samþykkt

Samþykkt af stjórn Orkusölnunnar 29.04.2025.